

## **Erindisbréf**

### **fyrir fulltrúa foreldra í skólanefnd**

Grunnstof Garðabæjar skipar fulltrúa foreldra til að starfa með skólanefnd Garðabæjar og einn til vara. Fulltrúi foreldra situr skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt, í samræmi við lög um grunnskóla.

*Fulltrúi foreldra grunnskólabarna í skólanefnd Garðabæjar skal í starfi sínu huga að eftirtöldu:*

- Starfa af samvirkusemi og skyldurækni að framgangi málefna allra grunnskóla í Garðabæ á faglegan og málefnalegan hátt.
- Fylgja eftir erindum til skólanefndar frá Grunnstof, foreldrafélögum og öðrum foreldrum sem til hans leita.
- Kynna fyrir stjórn Grunnstofar það sem er efst á baugi hverju sinni og snertir foreldrasamfélagið.
- Miðla upplýsingum til foreldrafulltrúa varðandi mál sem tekin eru fyrir á fundum skólanefndar, t.d. með því að senda fundargerðir og stuttar samantektir til formanna foreldrafélaga og foreldrafulltrúa í skólaráði.
- Vera vakandi yfir þeim málum sem eru til umfjöllunar og snerta foreldrasamfélagið.

*Samþykkt af stjórn Grunnstofar 12. október 2015.*